

RÉTTARFARSNEFND

Reykjavík, 5. desember 2023

Dómsmálaráðuneytið
vt. Bryndís Helgadóttir, skrifstofustjóri
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Efni: Erindi LMFÍ um málskostnað vegna meðferð beiðna um áfrýjunarleyfi o.fl.

Með bréfi dómsmálaráðuneytisins 26. janúar 2023 var óskað eftir afstöðu réttarfarsnefndar til tillagna LMFÍ sem koma fram í erindi til ráðuneytisins 7. desember 2022. Nánar tiltekið er þar fjallað um þrenns konar breytingar sem LMFÍ telur að gera þurfi á ákvæðum laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Í fyrsta lagi skorti ákvæði í lög nr. 91/1991 sem veiti Hæstarétti heimild til þess að ákvarða málskostnað til gagnaðila þegar beiðni um leyfi til áfrýjunar einkamáls er hafnað. Að gildandi lögum sitji gagnaðili leyfisbeiðanda uppi með kostnað sem hlýst af vinnu við gerð athugasemda við slíkar beiðnir en það gangi gegn þeirri grundvallarreglu að sá sem vinni mál skuli vera fjárhagslega skaðlaus af málarekstri. Í öðru lagi þurfi að gera breytingar á ákvæðum laga nr. 88/2008 vegna beiðna ákærða um áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar á grundvelli 2. mgr. 217. gr. laganna. Það sé sjaldnast á færi ákærða að útbúa slíkar beiðnir og geti bág fjárhagsstaða þeirra haft í för með sér að þeir geti ekki leitað sér aðstoðar við gerð slíkra beiðna. Hið sama gildi þegar ríkissaksóknari óskar eftir áfrýjun máls á grundvelli 3. mgr. 217. gr. laganna. Veita þurfi Hæstarétti lagaheimild til að ákvarða verjanda þóknun vegna hagsmunagæslu í tengslum við beiðnir ákærða um áfrýjunarleyfi og eftir atvikum vegna beiðna ríkissaksóknara. Loks telur LMFÍ að setja þurfi heimild í lög nr. 91/1991 til að ákvarða aðilum málskostnað úr ríkissjóði sé dómur ómerktur og heimvísað af æðri dómi. Grundvöllur ómerkingar og heimvísunar séu mistök dómara sem íslenska ríkið beri ábyrgð á samkvæmt reglu skaðabótaréttar um húsbóndaábyrgð.

Óskar ráðuneytið eftir afstöðu réttarfarsnefndar til framangreinds erindis LMFÍ og samantekt um helstu kosti og galla hvernar tillögu um sig.

Beiðnir um áfrýjunarleyfi í sakamálum

Samkvæmt 2. mgr. 217. gr. laga nr. 88/2008 getur ákærði leitað leyfis Hæstaréttar til að áfrýja dómi Landsréttar. Skal hann þá senda ríkissaksóknara skriflega umsókn um leyfið þar sem rökstutt skal ítarlega hvernig ákærði telur að skilyrðum fyrir áfrýjunarleyfi sé fullnægt. Slíkri

beiðni skal fylgja skrifleg tilkynning um áfrýjun þar sem tekið er nákvæmlega fram í hverju skyni sé áfrýjað og hverjar dómkröfur ákærða séu, þar á meðal um kröfur samkvæmt XXVI. kafla laganna ef því er að skipta, svo og hvern hann vill fá skipaðan sem verjanda fyrir Hæstarétti eða hvort hann óskar eftir að flytja mál sitt sjálfur. Er ríkissaksóknara skylt að veita ákærða leiðbeiningar um gerð tilkynningarinnar sé eftir því leitað og eftir atvikum benda honum á annmarka á efni hennar ef um þá er að ræða. Samkvæmt 3. mgr. 217. gr. getur ríkissaksóknari jafnframt leitað áfrýjunarleyfis. Í 4. mgr. lagaákvæðisins er svo kveðið á um að Hæstiréttur gefi öðrum málsaðilum kost á að tjá sig um umsókn um áfrýjunarleyfi. Samkvæmt 5. mgr. 31. gr. laga nr. 88/2008 fellur skipun verjanda sjálfkrafa úr gildi þegar dómur er kveðinn upp ellegar rannsókn er hætt eða mál fellt niður með öðrum hætti. Af þessu ákvæði leiðir að sá sem var skipaður verjandi ákærða við meðferð máls fyrir Landsrétti getur ekki krafist greiðslu þóknunar úr ríkissjóði vegna vinnu fyrir ákærða við gerð beiðni um áfrýjunarleyfi. Telst slíkur kostnaður ekki til sakarkostnaðar samkvæmt 1. mgr. 233. gr. laga nr. 88/2008 og leggur því ríkissjóður ekki út fyrir honum samkvæmt 1. mgr. 239. gr. sömu laga. Sé beiðni um áfrýjun ekki samþykkt verður ákærði því sjálfur að bera kostnaðinn af henni. Hið sama gildir ef ríkissaksóknari hefur óskað eftir áfrýjunarleyfi sem er hafnað. Hafi ákærði ráðið sér lögmann til aðstoðar við gerð athugasemda við beiðni ríkissaksóknara um áfrýjunarleyfi, ber hann sjálfur kostnaðinn.

Við mat á því hvort ástæða sé til að breyta framangreindum ákvæðum laga nr. 88/2008 er að mati réttarfarsnefndar nærtækt að líta til meginreglna laganna um sakarkostnað. Samkvæmt 1. mgr. 235. gr. laganna skal ákærða gert að greiða sakarkostnað ef hann er sakfelldur fyrir þau brot sem honum eru gefin að sök. Því til samræmis ber ákærði sjálfur kostnaðinn af beiðni um endurupptöku máls fyrir Endurupptökudómi, sé beiðni hans hafnað, sbr. 6. mgr. 231. gr. og 6. mgr. 232. gr. laga nr. 88/2008. Byggja þessi ákvæði á þeim undirstöðurökum að eðlilegt sé og sanngjarnt að ákærði beri sjálfur kostnað af máli sé hann fundinn sekur um þá háttsemi sem honum hefur verið gefin að sök. Þá þyki rétt að hann beri sjálfur kostnaðinn af beiðni um endurupptöku máls ef ekki tekst að færa fram fullnægjandi rök af hans hálfu fyrir því að skilyrðum 1. mgr. 228. gr. laga nr. 88/2008 um endurupptöku máls sé fullnægt.

Að mati réttarfarsnefndar leiða sömu rök og liggja að baki framangreindum ákvæðum laga nr. 88/2008 um sakarkostnað til þess að rétt sé að ákærði beri sjálfur kostnað af hans eigin beiðni um áfrýjunarleyfi sé henni hafnað. Gagnstæð regla er til þess fallin að leiða af sér aukningu beiðna um áfrýjunarleyfi að ósekju með tilheyrandi kostnaði fyrir ríkissjóð. Er slík regla að mati nefndarinnar þá jafnframt til þess fallin að hafa neikvæð áhrif á skilvirkni við afgreiðslu beiðna um áfrýjunarleyfi í sakamálum. Að mati nefndarinnar veita núgildandi ákvæði laganna um þetta eðlilegt aðhald. Samkvæmt því telur réttarfarsnefnd að ekki sé ástæða til að endurskoða gildandi lög um framangreint. Hið sama gildir hins vegar ekki um þær aðstæður þegar beiðni ríkissaksóknari um áfrýjun máls á grundvelli 3. mgr. 217. gr. laga nr. 88/2008 hefur verið hafnað og ákærði hefur stofnað til kostnaðar við gerð athugasemda samkvæmt 4. mgr. sömu lagagreinar. Eru þá að mati nefndarinnar til staðar sambærilegar aðstæður og kveðið er á um í 2. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 og leiða til þess að ákærða verður ekki gert að greiða sakarkostnað. Myndi hið sama leiða af seinni málslið 6. mgr. 231. gr. sömu laga, sbr. 6. mgr. 232. gr., þegar beiðni ríkissaksóknara um endurupptöku máls fyrir Endurupptökudómi á grundvelli 3. mgr. 228. gr. laganna hefur verið hafnað. Telur réttarfarsnefnd að sömu rök og

liggja að baki þessum ákvæðum eigi við þegar beiðni ríkissaksóknara á grundvelli 3. mgr. 217. gr. laga nr. 88/2008 er hafnað. Því sé rétt að íhuga endurskoðun á ákvæðum laga nr. 88/2008 með það fyrir augum að taka upp ákvæði sem tryggir ákærða rétt til að fá skipaðan verjanda þegar ríkissaksóknari hefur óskað eftir leyfi til áfrýjunar máls á grundvelli 3. mgr. 217. gr. laganna. Yrði þá jafnframt að huga að réttindum ákærða sem er af einhverjum ástæðum ekki fær um að gæta hagsmuna sinna vegna slíkrar beiðni. Samhliða þarf þá að huga að viðeigandi breytingum á lögnum til að tryggja verjanda ákærða greiðslu þóknunar úr ríkissjóði sé beiðni ríkissaksóknara hafnað. Við þær aðstæður bæri ákærði þá engan kostnað af meðferð beiðninnar. Þetta mætti mögulega gera með viðeigandi breytingum á 31. gr. og 235. gr. laga nr. 88/2008. Að mati nefndarinnar væru breytingar af framangreindum toga til þess fallnar að hlúa betur að réttindum ákærða sem leiða af 70. gr. stjórnarskrárinnar um réttláta málsmeðferð fyrir dómi, sbr. 1. mgr. 6. gr. og c-liður 3. mgr. sömu greinar í mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994.

Beiðnir um áfrýjunarleyfi í einkamálum

Samkvæmt 1. mgr. 176. gr. laga nr. 91/1991 er aðila einkamáls heimilt að óska eftir að áfrýja dómi Landsréttar til Hæstaréttar. Við mat á því hvort fallist verði á slíka beiðni skal líta til þess hvort úrslit máls hafi verulegt almennt gildi eða varði sérstaklega mikilvæga hagsmuni þess sem leitar leyfis. Þá getur Hæstiréttur veitt slíkt leyfi ef ástæða er til að ætla að málsmeðferð fyrir héraðsdómi eða Landsrétti hafi verið stórlega ábótavant eða dómur Landsréttar bersýnilega rangur að formi eða efni. Sá sem leitar eftir leyfi skal senda Hæstarétti skriflega umsókn með rökstuðningi um hvernig hann telur skilyrðum fyrir áfrýjunarleyfi fullnægt, sbr. 1. mgr. 178. gr. laganna. Samkvæmt 2. mgr. sömu lagagreinar getur Hæstiréttur gefið öðrum málsaðilum kost á að tjá sig um umsókn áður en ákvörðun er tekin en í framkvæmd hefur Hæstiréttur nýtt þá heimild. Í lögnum er hvergi gert ráð fyrir að gagnaðila sé ákvarðaður málskostnaður sé beiðni leyfisbeiðanda hafnað. Hafi hann kosið að skila inn athugasemdum við beiðni um áfrýjunarleyfi sem er hafnað, situr hann sjálfur uppi með kostnað sem hann kann að hafa stofnað til vegna þessa. Er réttarstaðan sú sama þegar beiðni um kæruleyfi er hafnað og gagnaðili hefur kosið að gera athugasemdir við slíka beiðni, sbr. 167. gr. laga nr. 91/1991.

Breyting á gildandi lögum þess efnis að kveðið verði á um rétt gagnaðila til greiðslu þóknunar þegar beiðni um áfrýjun eða kæru er hafnað er til þess fallin að skapa ákveðið aðhald með því að draga úr líkum á því að slíkar beiðnir séu lagðar fram að ósekju. Á hinn bóginn er til þess að líta að mat á því hvort skilyrðum fyrir áfrýjunar- eða kæruleyfi sé fullnægt er oft háð umtalsverðum vafa en við þær aðstæður verður að mati réttarfarsnefndar að teljast eðlilegt að leyfisbeiðandi og gagnaðili beri sjálfir sinn kostnað af meðferð slíkra beiðna. Þá er rétt að líta til þess að þegar óskað er eftir slíku leyfi hafa málin þegar verið rekin á tveimur dómstigum þar sem málsaðilum hefur gefist kostur á að reifa kröfur sínar, málsástæður og lagarök ítarlega. Eru aðstæður því oft þannig að ekki er tilefni fyrir gagnaðila, sem kýs að gera athugasemdir við leyfisbeiðni, að reifa málið að öðru leyti en því að mótmæla beiðni um áfrýjun eða kæru en vísa að öðru leyti til gagna málsins og fyrirbyggjandi dóms eða eftir atvikum úrskurðar Landsréttar. Kostnaður gagnaðila við framsetningu slíkra athugasemda ætti því almennt séð að vera óverulegur, ef einhver. Þótt frá þessu kunni að vera einhverjar undantekningar er það mat

réttarfarsnefndar að þær réttlæti ekki að svo stöddu breytingar á núgildandi lögum að teknu tilliti til þeirra sjónarmiða sem reifuð eru hér að framan.

Kostnaður aðila einkamála vegna ómerkingar dóms og heimvísunar


Tillaga LMFÍ felur í reynd í sér að sett verði ákvæði í lög nr. 91/1991 um hlutlæga bótaábyrgð ríkisins þegar dómur er ómerktur og heimvísað af æðra dómi. Um síðastnefnt er til þess að líta að ómerking dóma og heimvísun getur átt sér ýmsar skýringar. Þótt í einhverjum tilvikum megi leggja til grundvallar að ómerking eigi rætur sínar að rekja til saknæmrar háttsemi dómara er síður en svo sjálfgefið að svo sé ávallt. Þannig eru ýmis dæmi um að ómerking eigi sér stað vegna annarrar túlkunar æðri dóms á gildandi réttarfarslögum eða eftir atvikum á öðrum lögum sem þýðingu hafa fyrir meðferð máls fyrir dómi. Við slíkar aðstæður verður almennt ekki lagt til grundvallar að bótaskylda hafi stofnast vegna saknæmrar háttsemi dómara sem ríkið ber bótaábyrgð á samkvæmt reglu skaðabótaréttar um húsbóndaábyrgð. Að mati réttarfarsnefndar standa af þessum sökum engin rök til lagasetningar um hlutlæga ábyrgð ríkisins vegna ómerkingar dóma. Þykir rétt að almennar reglur skaðabótaréttar um skaðabótaábyrgð hins opinbera gildi sem endranær um ætlaða bótaábyrgð vegna þessa.

Lokaorð

Samkvæmt öllu framangreindu er það mat réttarfarsnefndar að rök standi ekki til breytinga á lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála vegna kostnaðar sem ákærði kann að verða fyrir þegar beiðni hans um áfrýjun máls til Hæstaréttar á grundvelli 2. mgr. 217. gr. laganna er hafnað. Á hinn bóginn telur nefndin rétt að íhuga breytingar á lögnum við þær aðstæður að ríkissaksóknari hefur sett fram beiðni um áfrýjun máls á grundvelli 3. mgr. 217. gr. laganna og henni er hafnað. Að mati nefndarinnar væru breytingar á lögnum sem nánar eru raktar hér að framan til þess fallnar að hlúa betur að réttindum ákærða sem leiða af 70. gr. stjórnarskrárinnar um réttláta málsmeðferð fyrir dómi, sbr. 1. mgr. 6. gr. og c-liður 3. mgr. sömu greinar í mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994.

Réttarfarsnefnd telur jafnframt að ekki séu efni til að breyta ákvæðum laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og kveða á um rétt gagnaðila til greiðslu málskostnaðar þegar beiðni um áfrýjun máls eða kæru til Hæstaréttar hefur verið hafnað. Loks telur nefndin að engin rök standi til þess að kveðið verði á um hlutlæga bótaábyrgð ríkisins vegna ómerkingar dóma og heimvísunar.

Fyrir hönd réttarfarsnefndar



Ása Ólafsdóttir